

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Sæheima, fiskasafns.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 21. nóvember 2013 stofnskrá Sæheima, fiskasafns.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 25. júní 2015.*

F.h. safnaráðs,

**Ágústa Kristófersdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ Sæheima, fiskasafns.

##### 1. gr.

Sæheimar, fiskasafn er í eigu Vestmannaeyjabæjar en rekið af Þekkingarsetri Vestmannaeyja, heimili safnsins er að Heiðarvegi 12, Vestmannaeyjum. Framkvæmdastjórn Þekkingarseturs Vestmannaeyja er stjórnarnefnd safnsins. Breytingar á stefnu eru aðeins gerðar með samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Stjórnarnefnd hefur eftirlit með að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn safnsins er að öðru leyti í höndum safnstjóra og framkvæmdastjóra Þekkingarseturs Vestmannaeyja.

##### 2. gr.

Sæheimar, fiskasafn starfar í almannapágu, samkvæmt samþykktum bæjaryfirvalda og landslögum, s.s. safnalögum, dýraverndarlögum og siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

##### 3. gr.

Hlutverk safnsins er í meginatriðum eftirfarandi:

- a) Söfnun og varðveisla náttúrugripa. Skrásetja skal á viðurkenndan hátt alla þá gripa sem safninu berast ásamt nákvæmum upplýsingum um öflun þeirra.
- b) Standa að sýningum náttúrugripa fyrir almenning og skóla. Safnið skal kappkosta að sinna skólunum í Vestmannaeyjum sérstaklega í samvinnu við fræðslufirvöld.
- c) Stuðla að náttúrufræðirannsóknum og fræðslu í náttúrufræði, náttúruvernd og umhverfismálum í samvinnu við fræða- og rannsóknastofnanir í Vestmannaeyjum.

##### 4. gr.

Safnið skal vera opið almenningi á auglýstum tímum. Safnið og starfsemi þess skal kynnt nemendum í skólum í samráði við skólayfirvöld í Vestmannaeyjabæ. Einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í safninu eins og kostur er.

##### 5. gr.

Ráðning safnstjóra fer fram skv starfsmannastefnu Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Safnstjóri skal hafa sérfræðimenntun sem nýtist í starfi. Safnstjóri starfar í umboði framkvæmdastjórnar Þekkingarseturs Vestmannaeyja en hefur greiðan aðgang að eiganda safnsins sem er Vestmannaeyjabær. Safnstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnarsýslu safnsins. Hann ber ábyrgð á faglegum rekstri safnsins, vinnur að almennri stefnumótun til samþykktar hjá stjórnarnefnd safnsins.

6. gr.

Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði samkvæmt samningi við Þekkingarsetur Vestmannaeyja og í samræmi við fjárhags- og starfsáætlanir ár hvert. Allur arður af starfseminni rennur til safnsins, til frekari uppbyggingar og reksturs.

7. gr.

Safnstjóri tekur ákvarðanir um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja.

8. gr.

Komi til þess að safnið verði lagt niður skal safnkosti ráðstafað í samráði við Náttúruminjasafn Íslands og Vestmannaeyjabæ. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði Vestmannaeyjabæjar við ráðuneyti mennta- og menningarmála.

9. gr.

Stofnskrá þessi gildir til alls fjögurra ára.